

Ed.

222. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur réttara að hafa í frv. fastákveðna árgreiðslu, og getur fallizt á, að hún sé 5%. Flytur nefndin breytingartillögu um þetta.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: 5%.

Alþingi, 29. nóv. 1933.

Jón Þorláksson,
form.

Kári Sigurjónsson,
fundaskr.

Jón Baldvinsson,
frsm.